



Reykholt, bær og kirkja 1920-1930. The old church and farmhouse 1920-1930. *Ljósmynd. Þjms.*

## Reykholtskirkja hin eldri

Reykholtskirkja hin eldri er timburkirkja með kór og forkirkju undir minna formi og turni upp af vesturgafli.

Árið 1885 tók séra Guðmundur Helgason við embætti í Reykholti og lét árið 1886 hefja smíði þessarar kirkju utan kirkjugarðs. Hún var reist norðan við gömlu torfkirkjuna sem séra Þorsteinn Helgason lét endurbyggja árið 1835 á grunni eldri kirkna. Yfirsmiður nýju timburkirkjunnar var Ingólfur Guðmundsson, sem lært hafði húsasmíði í Reykjavík. Hann tók þátt í smíði fleiri kirkna á svæðinu. Kirkjan ber vissan svip nýklassískra húsa en einnig má sjá í henni áhrif sveitserstíls. Í formi hennar gætir sterkra áhrifa frá dómkirkju Laurits A. Winstrup í Reykjavík, einkum í hlutföllum hússins og lögum turnsins. Kirkjan var vígð sumarið 1887 og í ársbyrjun 1895 tók söfnuðurinn við umsjón hennar.

Kirkja hefur verið í Reykholti frá því á 11. öld. Flestar stóðu kirkjurnar í suðurhluta kirkjugarðsins, en fornleifarannsókn fór fram á því

svæði á árunum 2001-2006. Rannsóknin var árangursrík og varpar ljósi á sögu kirkjubygginga í Reykholti frá elleftu öld fram til þeirrar nítjándu.

### **Viðgerð kirkjunnar**

Árið 2001 varð kirkjan í Reykholti hluti af húsafni Þjóðminjasafnsins. Viðgerðir hófust þá um haustið og var frágangi kirkjunnar lokið sumarið 2006. Kirkjan var færð til upphaflegs horfs en henni hafði verið breytt talsvert í árunna rás. Strax fyrir aldamótin 1900 var hún klædd bárujárnri að utan og um miðja 20. öld var lagi glugganna breytt. Þetta breytti mjög svip kirkjunnar. Þó að viðgerðir og breytingar feli í sér ákveðna sögu má með sanni segja, að í tilviki Reykholtskirkju hafi húsið mun meira varðveislugildi í upphaflegu horfi sínu en með seinni tíma breytingum. Af því var tekið mið við viðgerðina.

Kirkjunni var lyft af grunni og grafið fyrir steinsteyptum undirstöðum. Kom þá í ljós forn smíðja undir kirkjugólfinu.



Ull þurrkuð í kirkjunni 1920. Wool spread out to dry in 1920. *Ljósmynd. Þjoms.*

### **Kirkjugripir**

Samhliða viðgerð kirkjunnar var einnig gert við gamla altarið, predikunarstólinn og altariðstöfluna. *Altariðstöfluna* málaði danski málari Anker Lund, (d. 1922), eftir frægri töflu sem hinn þekkti danski málari Carl Bloch, (d. 1890), málaði árið 1875, *Kristur consolator* eða *Kristur huggarinn*. Anker Lund hefur merkt sér myndina í hægra horninu, *Copi 1901, Anker Lund* en fyrir miðju með smáum stöfum neðst *Carl Bloch 1875*.

*Predikunarstóllinn* er jafngamall kirkjunni en hefur verið lagfærður nokkrum sinnum. Hann var í upphafi oðraður, þ.e. málaður í viðarlitum og á spjöldunum voru upphleyptar englamyndir. Lengi var hann með máluðu skrauti eftir þau Grétu og Jón Björnsson. Nú hefur stóllinn verið oðraður á ný líkt og gamla altarið og kirkjubekkirnir.

Á altarinu er útsaumaður dúkur úr hvítu lérefsti frá því fyrir 1970. *Altarisdúkinn* saumaði Gyða

Sigurðardóttir tengdadóttir séra Einars Pálssonar prests í Reykholti.

*Altarisstjakarnir* eru frá 20. öld, úr kopar. *Orgelið* var keypt til kirkjunnar árið 1901 og er það harmoníum frá Beethoven organ Co. í New York. Á vegg er gömul *söngtafla* og fylgir henni kassi sem í eru tölusett spjöld sem segja til um númer þeirra sálma í sálmabók, er syngja skal.

Tvær *kristalsljósakrónur* eru í kirkjunni og *skírnarfontur* úr tré eftir Bjarna Kjartansson myndskera í Reykjavík með skál úr leir eftir Guðmund Einarsson leirkerasmið frá Miðdal. Guðrún Jónsdóttir á Brennistöðum í Flókadal gaf kirkjunni fontinn.

Kirkjan er í heild sinni minnisvarði um þá byggingarhætti og handverk sem blómstraði í lok 19. aldar þegar timburhúsaöld hófst á Íslandi.





Kirkjunni lyft af grunni 2001. First phase of restoration 2001. *Ljósm. Sigríður Kristinsdóttir.*

## The old church at Reykholt

A church has been in Reykholt since the 11<sup>th</sup> century. This church was built in 1886-1887 by the carpenter Ingólfur Guðmundsson. The church is now as close to its original form as was possible; it was restored in 2001-2006, after it was added to the National Museum Historic Buildings Collection.

Two major alterations had been made to the church over the years. The former was in 1897, when the walls were clad in corrugated iron and the original window ornamentation was removed. Another alteration took place in 1950, when pointed arched windows were installed. There had been problems with the church from the start, due to subsidence. During restoration in 2001-2006 the church was lifted off its foundation, and foundations were excavated down to bedrock.

Reykholt Church is beautifully proportioned, with fine ornament at door and windows. Its exterior form is influenced by Reykjavík Cathedral, but it also has certain features of the Swiss-chalet style of wooden buildings, e.g. in its bargeboards and the semicircular glazing pattern above the window transoms.

The interior of the church has a neoclassical ambience, also reflecting the influence of the Reykjavík Cathedral. Neoclassical features include the coffered vault, and the ornamentation of pew ends and pulpit.

The old Reykholt Church contains the following objects: an *altarpiece* in a gilded frame is a copy made in 1904 by Anker Lund of a painting by Carl Bloch, painted in the latter half of the 19<sup>th</sup> century. It depicts Christ with the Biblical text *Come unto me, all ye that labour and are heavy laden, and I will give you rest* (Matthew 11:28).

An embroidered white *altarcloth* from around 1970. The *altar candelabra* and *crystal chandelier* are from the 20<sup>th</sup> century. On the altar are two-branched *candelabra* (imported) dating from about 1600.

The carved *baptismal font* dates from 1958. It contains a pottery baptismal bowl. The simple wooden painted *hymnboard* has a storage box for the numbers. American *organ harmonium*, 1901. Many of the objects which were previously in the old church have been transferred to the modern church.